

**Ed.**

**444. Frumvarp til laga**

[255. mál]

um lántökuheimildir erlendis.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

**1. gr.**

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði allt að 494 millj. kr., sem verja skal sem hér segir:

- a) til framkvæmda í raforkumálum 149 millj. kr.
- b) til orkurannsóknna 127 millj. kr.
- c) til flutningslínu raforku um Suður-, Vestur- og Norðurland 100 millj. kr.
- d) til Laxárvirkjunar 100 millj. kr. og
- e) til landshafna 18 millj. kr.

**2. gr.**

Heimilt er að ábyrgjast tækjakaupalán vegna Rafmagnsveitna ríkisins að jafnvirði allt að 90 millj. kr. vegna kaupa á þrýstivatnspípu og vélbúnaði til Mjólkár-  
virkjunar.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með fjárlögum fyrir árið 1974 var hætt að lögfesta sérstaka framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar, svo sem gert hafði verið árlega allt frá árinu 1963, og var framkvæmdahluti þessarar áætlunar nú sameinaður fjárlögum. Hið sama gildir um innlendan hluta fjáröflunarinnar, en talið hefur verið eðlilegra, að heimild til lántaka erlendis styðjist við sérstök lög, enda vafasamt, að heimild í fjárlögum sé nægilega tryggur grundvöllur til slíkra aðgerða. Því er nú lagt fram sérstakt frumvarp um þessi efni, eins og boðað var í athugasemdum með fjárlagafrumvarpinu, svo og annað frumvarp m. a. um skattalega meðferð verðbréfa, spariskírteina og happdrættisskuldabréfa, sem ríkissjóður selur. Frumvarp þetta er að visu nokkru síðbúnara en þar var gert ráð fyrir, en það stafar einkum af því, að ljóst varð, að þingið mundi leita frekari lánshemilda en ráðgert hafði verið í fjárlagafrumvarpinu til að standa undir auknum framkvæmdum í orkumálum. Þær útgjaldaákvarðanir

urðu hins vegar ekki fullmótaðar fyrr en á síðustu dögum haustþingsins, þannig að ekki gafst tími til að ganga frá frumvarpinu þá, að því er tekur til lánsfjáröflunar.

Á fylgiskjali I hér á eftir er sýnd sundurliðun á lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda 1973 og 1974. Fyrri árið eru ákvæði um lánsfjáröflunina í lögum nr. 8/1973, en síðara árið eru hliðstæð ákvæði að hluta í fjárlögum fyrir árið 1974 og að hluta í frumvarpi því, sem hér er lagt fram. Yfirlitið leiðir í ljós, að fjáröflunin eykst úr 1 168 millj. kr. 1973 í 2 169 millj. kr. 1974. Er aukningin 1001 millj. kr. eða 85.7%, sem skiptist þannig, að 255 millj. kr. eru endurgreiðslur eldri spariskirteinalána, 220 millj. kr. ný verðbréfaútgáfa og 526 millj. kr. erlendar lántökur, ef gert er ráð fyrir, að hin sérstaka lánsfjáröflun til framkvæmda í orkumálum og við landshafnir á árinu 1974 fari fram erlendis, sbr. athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins. Á fylgiskjali II er síðan gerð grein fyrir því, hvornig framangreindri lánsfjáröflun er ráðstafað til helstu málefnaflokkna bæði árin.

#### Um 1. gr.

Hér er farið fram á heimild til allt að 494 millj. kr. lántöku erlendis, einkum til framkvæmda í orkumálum, en einnig við landshafnir. Er þetta sú hækkun, sem gerð var á fjárlagafrumvarpinu í meðförum þingsins auk 18 millj. kr. lántöku til framkvæmda við Smyrlabjargaárvirkjun, en nánari grein er gerð fyrir þeim framkvæmdum á fylgiskjali III. Að visu er í heimildagrein fjárlaga, 6. gr. LXXVII, gert ráð fyrir innlendri eða erlendri lánsfjáröflun í þessu skyni, en þar sem telja verður í hæsta máta vafasamt, að unnt verði að selja verðbréf fyrir hærri fjárhæð en 800 millj. kr. innanlands, eins og fjárlögin gera ráð fyrir (happdrættisskuldabréf og spariskirteini), þykir nauðsynlegt að miða hér við erlenda lántöku, en til þess þarf heimild í sérstökum lögum, eins og fyrr greinir.

#### Um 2. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins munu eiga kost á tækjakaupaláni vegna þrýstivatns-pípu og vélbúnaðar til Mjólkársvirkjunar, en til þess er krafist ríkisábyrgðar af lánveitanda. Er farið fram á heimild til að ábyrgjast allt að 90 millj. kr. lán í þessu skyni.

### Fylgiskjal I.

#### Lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda 1973 og 1974.

	Lög nr. 8 1973	Fjárl. og sérst. frum- vörp 1974
Endurgreiðslur eldri spariskirteinalána .....	350	605
Útgáfa spariskirteina .....	350	400
Happdrættisskuldabréf .....	230	400
P.L. 480 lán .....	50	—
Lántaka í Alþjóðabankanum vegna sérstakra hafnar- framkvæmda .....	—	270
Sérstök lánsfjáröflun til framkvæmt í orkumálum ....	97	476
Sérstök lánsfjáröflun til framkvæmda í vegamálum ....	75	—
Sérstök lánsfjáröflun til framkvæmda við landshafnir ..	—	18
Tækjakauplán vegna rafdíóvita og fjarskiptibúnaðar ..	16	—
	<b>1 168<sup>1)</sup></b>	<b>2 169</b>

1) Hér er ekki meðtalin heimild í 7. gr. laganna um 150 m.kr. lántöku vegna samtengingar raf-orku milli Norður- og Suðurlands og vegna hugsanlegs kostnaðarauka við framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins, þar sem þessar heimildir voru ekki notaðar á árinu.

## Fylgiskjal II.

### Ráðstöfun lánsfjár til opinberra framkvæmda 1973 og 1974.

	Lög nr. 8 1973	Fjár- og sérst. frum- vörp 1974
Rafmagnsveitur ríkisins, framkv. ....	240	538
Rafmagnsveitur ríkisins, lenging lána .....	10	50
Laxárvirkjun .....	80	100
Stofnlína Norður--Suðurland .....	13	300
Orkurannsóknir o. fl. ....	53	127
Sveitarafvæðing .....	110	110
Skeiðarársandsvegur .....	230	400
Aðrir vegir á vegáætlun .....	75	100
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi .....	65	80
Landshafnir .....	19	18
Radíóvitar, tækjakaupalán .....	8	—
Norðurlandsáætlun, hafnir og flugvellir .....	42	—
Flugöryggismál .....	11	—
Lögreglustöðin í Reykjavík .....	19	—
Rannsóknast. á Keldnaholti .....	9	—
Blævardalsárvirkjun .....	4	—
Halli á framkvæmdaáætlun 1972 .....	30	—
Sérstakar hafnaframkvæmdir í Þorlákshöfn, Grindavík og Höfn í Hornafirði .....	—	290
Endurlán vegna hafnaframkvæmda í Grindavík og Höfn í Hornafirði .....	—	56
	<hr/>	<hr/>
	1 018	2 169
Til Framkvæmdasjóð Íslands .....	150	—
	<hr/>	<hr/>
	Samtals 1 168	2 169

## Fylgiskjal III.

Áætlun hefur verið gerð um, hvernig bæta megi vatn og miðlun við Smyrla-  
bjargaárvirkjun. Er þar um að ræða að sameina þrjú vötu, Innstavatn, Miðvatn og  
Fremstavatn, og að veita Þverá inn á þetta vatnasvæði. Með þessu er miðlunar-  
rými virkjunarinnar aukið úr 3.1 Gl (gígalítrum: 1 Gl = 1 milljón rúmmetrar)  
í 5.5 Gl eða um 77%. Orkuvinnslugeta virkjunarinnar er áætluð að aukast við þetta  
um 1 GWh, úr ca. 8 GWh í ca. 9 GWh. Aðgerðin er áætluð að kosta 18 m.kr. Kostn-  
aður aukningarinnar í orkugetu er 1.80 kr./kWh, ef reiknað er með árlegum rekst-  
urskostnaði, sem svarar til 10% stofnkostnaðar.

Talið er, að ljúka megi þessari framkvæmd á þessu ári, ef undirbúningur er  
hafinn strax.